

Ytra mat grunnskóla

Gerðaskóli Garði

Desember 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Gerðaskóla í Garði og Suðurnesjabæ.

Höfundar: Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir og Hanna Hjartardóttir.

© Menntamálastofnun, 2021.

ISBN 978-9979-0-2709-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	11
1.1 Samvirkni í stefnumótun	11
1.2 Faglegt samstarf og samræða	11
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	12
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	12
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	13
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá.....	15
2.2 Árangur náms	15
2.3 Gæði kennslu.....	18
2.4 Skipulag náms.....	19
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka.....	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag	22
3.2 Framkvæmd	22
3.3 Umbætur	22
Þáttur 4 – Nám án aðgreiningar	24
4.1 Menning og viðhorf.....	24
4.2 Námskrá og áætlanir	24
4.3. Upplýsingamiðlun og samskipti.....	24
4.4. Starfshættir	25

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Gerðaskóla í Garði sem fór fram á haustönn 2021. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrir fram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn *nám án aðgreiningar*.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum.
- Stefna skólans er reglulega endurskoðuð.
- Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun alls starfsfólks.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir um árangur og aðferðir.
- Gerð er þarfagreining og þjónustuáætlun til að kortleggja sértækar námsþarfir nemenda.
- Niðurstöður innra og ytra gæðamats, svo sem framfarir nemenda, eru skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum og þær markvisst nýttar til umbóta.
- Starfsmannahópurinn lítur á sig sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna.
- Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun/skólanámskrá.
- Lögð er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum á samskiptasíðum skólans.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss.
- Fjöldi þróunarverkefna eflir starf skólans.
- Framgangur þróunarvinnu er skráður og aðgengilegur starfsfólki.
- Kannanir forsjáaraðila og starfsfólks sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda.
- Sátt er um hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Samskiptaáætlun skólans auðveldar ferli ágreiningsmála.
- Við stjórnnum er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar bera ábyrgð á umbótaverkefnum innan skóla.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins séu virkir í stefnumótun skólans.
- Gæta þess að forsjáaraðilar eigi aðkomu að ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Við endurskoðun skólareglna skulu eiga aðkomu allir hagsmunaaðilar skólasamfélags.
- Sjá til þess að allir þeir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir trúnaðar- og þagnarskyldu.
- Birta verkaskiptingu stjórnenda á heimasíðu.
- Skrá og birta á heimasíðu ábyrgðaraðila verkefna.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og áætlunum um nám.
- Námsvísar eru greinargóðir og byggja á aðalnámskrá.
- Í kennsluáætlunum kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendum sem þurfa sértæka aðstoð.
- Reglulega er fylgst með árangri hvers nemanda.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat.
- Nemendur í 4. og 7. bekk ná góðum árangri í samræmdum könnunarprófum í stærðfræði.
- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg á vettvangi.
- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.
- Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími vel nýttur.
- Kennarar vinna saman og nýta teymisvinnu og/eða teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur vinna saman að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum.
- Skólabragur er jákvæður og einkennist af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Kynna námsvísa betur fyrir nemendum og hvetja þá til að nýta sér þá.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Huga að því að bráðgerir nemendur á öllum stigum skólans fái námstækifæri við hæfi.
- Auka hlutfall leiðbeinandi kennslustunda.
- Nota umræður og skoðanaskipti markvisst sem hluta af námi og kennslu.
- Auka verkefni þar sem samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.
- Gera nemendum grein fyrir að þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd á námi sínu og námsumhverfi.
- Gera kennsluáætlanir sýnilegar fyrir nemendum og foreldrum þar sem meðal annars kemur fram námsaðlögun.
- Þjálfva nemendur til starfa í skólaráði og nemendaráði.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfi.
- Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Skólaping eru hluti af innra mati skólans.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnanda.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mat sitt.

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans.
- Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og fjölbreyttum aðferðum.
- Umbótaáætlun byggir á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólstarfs.
- Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Í umbótaáætlun skólans koma fram allir helstu þættir sem í henni eiga að vera.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að setja viðmið um árangur í innramatsáætlun ársins, þar sem við á.
- Skipa innramatsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa, þar með taldir forsjáraðilar og nemendur.
- Kynna niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum þegar þær liggja fyrir.

Nám án aðgreiningar

Styrkleikar

- Stefna skólans endurspeglar sýn um nám án aðgreiningar.
- Sýnilegt er í skólanum að hann þjónar margbreytilegum hópi einstaklinga.
- Það er viðurkennt og virt að nemendur hafa ólík markmið.
- Í skólanum ríkir gagnkvæm virðing milli starfsfólks og nemenda.
- Litið er á stuðning við nemendur sem hluta af og eðlilegan þátt í skólstarfi.
- Unnið er eftir áætlun til að meta hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda námslega eða félagslega.
- Þjónustuáætlun er gerð þar sem sjá má hvernig brugðist er við ef stuðnings er þörf.
- Skipulag náms nemenda sem þurfa sérstakan stuðning er unnið í samvinnu umsjónarkennara og annara fagaðila innan og utan skóla.
- Til er skráð skipulag um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Stjórnendur tryggja að allt starfsfólk skólans fái mikilvægar upplýsingar sem skipta máli vegna velferðar nemenda.
- Upplýsingar um skólann eru veittar öllum aðilum skólasamfélagsins óháð tungumáli.
- Fagleg samvinna starfsfólks byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur.
- Starfsfólk leitast við að koma auga á og fjarlægja hindranir í námi nemenda og þátttöku í skólstarfi.
- Aðstaða inni sem og tækjabúnaður tekur mið af þörfum allra nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Móta sameiginlega sýn um nám án aðgreiningar með hagsmunaaðilum.
- Nemendur hafi aðkomu að gerð einstaklingsnámskráa og skipulagi náms síns, ef við á.
- Gera sérstaka móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sértækum stuðningi að halda.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Gerðaskóla

Gerðaskóli var upphaflega settur 7. október 1872 í Gerðum. Núna er skólinn staðsettur að Garðbraut 90 í Suðurnesjabæ. Einkunnarorð skólans eru: Virðing – Ábyrgð – Árangur – Ánægja.

Í Garðinum, sem er hverfi í Suðurnesjabæ, búa rúmlega 1600 manns og sinnir Gerðaskóli öllum nemendum í 1.-10. bekk. Gerðaskóli er einsetinn skóli sem er í miklum samskiptum við leikskólann Gefnarborg og Tónlistarskólann í Garði.

Árið 2012 var úttekt á starfsemi Gerðaskóla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Úttektina gerðu Árný Elíasdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir fyrir hönd Attentus, mannauður & ráðgjöf. Vitnað er til þess í skýrslunni þar sem við á.

Í skólanum eru 244 nemendur á haustönn 2021.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	24	27	29	22	22	21	19	23	34	21
Fjöldi bekkjardeilda	1	2	2	1	1	1	1	1	2	1

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru á yngsta stigi fimmtán, á miðstigi sex og á unglिंगastigi sex. Nemendur með skilgreinda sérkennslu og aðlagað námsefni eru tuttugu og þrjár á yngsta stigi, nítján á miðstigi og tuttugu og tveir á unglिंगastigi. Nemendur með einstaklingsnámskrá eru fjórutíu og þrjár á yngsta stigi, á miðstigi tuttugu og þrjár og á unglिंगastigi tuttugu og fjórir.

Fjöldi nemenda af erlendum uppruna eru 52. Fjöldi nemenda sem stunda nám á öðru skólastigi eru sex, en þeir stunda valfög í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Þrjár stjórnendur starfa við skólann; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu sem jafnframt er kennslufræðilegur leiðtogi. Kennarar eru 31 og þar af 27 með kennsluréttindi. Leiðbeinendurnir fjórir eru allir í háskólanámi. Einn náms- og starfsráðgjafi er í fullu starfi og tveir þroskþjálfar, annar í 100% stöðugildi en hinn í 80%.

Við skólann starfa 14 stuðningsfulltrúar, fjórir skólaliðar, einn umsjónarmaður skólahúsnæðis, einn bókavörður og einn skrifstofustjóri. Í frístund/skólaseli starfa sjö starfsmenn.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2019-2020 eftir bekkjum (ekki vegna Covid 19)

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kennslustunda	0	0	0	0	0	0	0	6	6	6

Upplýsingar vegna Covid-19 skólaárið 2019-2020.

Frá 16. mars komu nemendur í skólann í fjórar kennslustundir á dag. Kennsla í öllum list- og verkgreinum féll niður í hefðbundnum stofum og íþróttahúsi og sundlaug var lokað. Valgreinar á unglिंगastigi féllu niður. Síðustu viku fyrir páska og til 4. maí voru nemendur í 7.-10. bekk í heimanámi með aðstoð kennara í gegnum Google Classroom og Mentor. Kennarar voru einnig í samskiptum við nemendur í gegnum tölvupóst og einstaklings- og bekkjarfundir voru haldnir með aðstoð Google Meet.

Skólinn nýtti tvo starfsdaga til að skipuleggja starfið vegna Covid-19. Fyrri dagurinn var mánudagurinn 16. mars og hinn var þriðjudagurinn 14. apríl. Tvo síðustu daga fyrir páskafrí, 25. og 26. mars var öllum skólum á landinu lokað. Skólastarf var eðlilegt eftir páska.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá og skólanámskrá en unnið er að endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins og skólastjórnendur eiga aðkomu að þeirri vinnu. Stjórnendur hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Þetta má meðal annars sjá í þeim fjölda tækifæra sem nemendum býðst innan skóla, svo sem kennsluúrræðinu Friðgarði. Markmið þess úrræðis er að vinna faglega að því að efla og byggja upp færni nemenda til að geta verið sem mest inni í almennum bekk.

Skólanámskrá skólans uppfyllir viðmið aðalnámskrár og sama gildir um starfsáætlun sem báðar eru á heimasíðu skólans. Þær eru endurskoðaðar árlega af starfsfólki skólans. Stefna skólans byggir meðal annars á einkunnarorðunum Virðing – Ábyrgð - Árangur - Ánægja og er hún sýnileg í starfsháttum skólans. Stefnan er kynnt foreldrum á námskynningum að hausti, við skólasetningu og skólaslit auk þess sem leitað er eftir áliti þeirra á einstökum þáttum skólastarfsins.

Í öllum rýnihópum kom fram að í daglegu tali og fréttáflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsfólks innan og utan skólans. Árlega er sett fram símenntunaráætlun sem nær til alls starfsfólks og hún birt á heimasíðu. Um hana er rætt í starfsáætlun á heimasíðu en áætlunin sem slík er eingöngu birt á innra neti skólans. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer reglulega fram meðal starfsfólks, það er gert á mánaðarlegum starfsmannafundum, einnig á kennara-, stigs- og teymisfundum. Í rýnihópi kennara kom fram að ef til vill væri æskilegt að halda fleiri fundi þar sem rætt væri um faglega starfshætti.

Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður skimana og kannana varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu nýttar til eflingar náms. Þetta er meðal annars gert með þarfagreiningu að vori og út frá henni er gerð þjónustuáætlun þar sem kortlagðar eru sértækar þarfir nemenda.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk lítur á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum. Í úttekt skólans 2012 var þetta eitt af þeim atriðum sem nefnd voru sem tækifæri til umbóta.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leitast við að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg, en síðustu misseri hefur Covidfaraldurinn haft áhrif á samskiptin. Námskynningar eru að hausti og tveir samskiptadagar á ári, auk þess er forsjáaraðilum boðið á ýmsa viðburði á skólaárinu. Áætlað hafði verið á síðasta skólaári að halda skólaþing með þátttöku forsjáaraðila og nemenda eins og áður hafði verið gert. Einnig var slíkt þing fyrirhugað 25. nóvember síðast liðinn en hvort tveggja féll niður vegna samkomutakmarkanna. Væntingar standa til að halda skólaþing í febrúar 2022. Í fyrrnefndri úttekt skólans 2012 var því beint til skólans að auka nemenandalýðræði og með skólaþingum hefur því verið mætt.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og áður en samkomutakmarkanir komu til sögunnar var það mjög virkt. Það stóð meðal annars fyrir jólafröndurdegi, perlað með Krafti, ýmsum fyrirlestrum fyrir alla aldurshópa og foreldra og svo var hefð að bjóða 4. og 9. bekk í leikhús árlega.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í stefnumótun skólans. Það fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári og hefur sett sér starfsáætlun sem ásamt fundargerðum ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans. Skólaráð hefur haldið opinn fund fyrir aðila skólasamfélagsins einu sinni á ári en vegna Covidfaraldurs féll hann niður síðastliðið skólaár.

Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu í gegnum heimasíðu skólans, instagramsíðu og auk þess er skólinn með Facebooksíðu. Lögð er er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum á þessum samskiptasíðum. Í könnun sem skólinn lagði fyrir forsjáaraðila Gerðaskóla haustið 2021 kemur fram að 98% þeirra sem tóku þátt eru alltaf eða oftast sáttir við samstarf heimilis og skóla.

Samstarf við önnur skólastig eru skráð í skólanámskrá en þar er um að ræða samstarf við leikskólann Gefnarborg og Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Auk þess er samstarf við Tónlistarskólann í Garði, Íþróttafélagið Víði í Garði og fyrirtæki á svæðinu. Einnig hafa verið heimsóknir til bænda í nágrenninu, meðal annars í tengslum við valáfanga á vorönn sem heitir Bændur og búalið. Áður en Covidfaraldurinn skall yfir var eldri borgurum boðið að koma á sal þar sem „snillitímar“ (sjá kafla 2.4 í námi og kennslu) voru kynntir og þeir hafa einnig komið og hlustað á upplestur 7. bekkinga þegar þeir æfa sig fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta og til er skráð verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda. Með þessu verklagi hefur verið komið til móts við athugasemdir sem komu fram í áður nefndri úttekt 2012. Vefkerfið Mentor er nýtt til að koma upplýsingum til forsjáaraðila um árangur í skólastarfi.

Helstu umbótaverkefni skólans á yfirstandandi skólaári eru tæknistefna/tæknisvæði en allir nemendur skólans eru með eigin tæki. Nemendur í 1.-6. bekk eru með spjaldtölvur og nemendur í 7.-10 bekk eru með Cromebook tölvur. Önnur verkefni eru teymiskennsla/sambætting námsgreina, læsi, jákvæður agi, Friðgarður, snillitímar og velferðarkennsla. Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að innleiða síðastnefnda verkefnið. Sveitarfélagið Suðurnesjabær ákvað að taka þátt í verkefninu Heilsuefandi sveitarfélag og þar með tekur skólinn þátt í innleiðingu verkefnisins Heilsuefandi grunnskóli. Rætt er um þessi verkefni á heimasíðu skólans en ekki kemur fram hver eða hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra.

Stjórnendur eiga aðkomu að öllum þessum umbótaverkefnum, ýmist sem leiðtogar eða með því að sitja fundi teyma. Framgangur þróunarvinnu er reglulega skráður og getur starfsfólk fylgst með starfi og framvindu hvers verkefnis. Í símenntunaráætlun er gert ráð fyrir starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í nýjustu könnunum Skólapúlsins¹ sem starfsmenn og forsjáraðilar hafa svarað kemur fram jákvætt viðhorf til stjórnenda. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að daglegt starf er vel skipulagt og ef ágreiningur kemur upp er hann leystur fljótt og vel.

Stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk og í því sambandi má benda á samskiptaáætlun skólans sem er á heimasíðu. Í samskiptateymi sitja námsráðgjafi, sem er umsjónarmaður teymis og faglegur leiðbeinandi, stjórnandi og kennari á yngsta og eldra stigi. Sveitarfélagið vinnur nú að heildstæðum ferlum vegna ágreinings- og eineltismála í stofnunum þess.

Skólareglur voru endurskoðaðar fyrir fáum árum af hálfu starfsmanna skólans og þær kynntar fyrir skólaráði þar sem fulltrúar forsjáraðila og nemenda sitja, en þeir aðilar höfðu ekki beina aðild að endurskoðun reglnanna.

Í rýnihópi nemenda kom fram að nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi. Allir starfsmenn og aðrir sem hafa fasta viðveru í skólanum skrifa undir skjal um trúnað og þagnarskyldu en ekki verktakar sem koma tímabundið til starfa.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Þeir leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.

Áður en Covidfaraldur gekk yfir fylgdust stjórnendur reglulega með námi og kennslu og veittu endurgjöf. Áætlað er að hefja þá vinnu aftur á vorönn 2022.

Starfsþróunarsamtöl fyrir alla starfsmenn fara fram minnst einu sinni á ári og stjórnendur skipta þar með sér verkum. Niðurstöður samtala eru skráðar og rýndar.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu, þar má nefna teymi sem leiða fjölda þróunarverkefna sem fjallað er um í starfsáætlun.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.

Í skólanum ríkir sú menning að mikilvægt sé að huga að heilsu allra, þar með talið starfsfólks. Fram kom í viðtölum að sveitarfélagið styrkir starfsfólk skólans til heilsueflingar.

¹ Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum.
- Stefna skólans er reglulega endurskoðuð.
- Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun alls starfsfólks.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir um árangur og aðferðir.
- Gerð er þarfagreining og þjónustuáætlun til að kortleggja sértækar námsþarfir nemenda.
- Niðurstöður innra og ytra gæðamats, svo sem framfarir nemenda, eru skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum og þær markvisst nýttar til umbóta.
- Starfsmannahópurinn lítur á sig sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna.
- Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun/skólanámskrá.
- Lögð er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum á samskiptasíðum skólans.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss.
- Fjöldi þróunarverkefna eflir starf skólans.
- Framgangur þróunarvinnu er skráður og aðgengilegur starfsfólki.
- Kannanir forsjáaraðila og starfsfólks sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda.
- Sátt er um hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Samskiptaáætlun skólans auðveldar ferli ágreiningsmála.
- Við stjórnnum er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar bera ábyrgð á umbótaverkefnum innan skóla.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins séu virkir í stefnumótun skólans.
- Gæta þess að forsjáaraðilar eigi aðkomu að ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Við endurskoðun skólareglna skulu eiga aðkomu allir hagsmunaaðilar skólasamfélags.
- Sjá til þess að allir þeir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir trúnaðar- og þagnarskyldu.
- Birta verkaskiptingu stjórnenda á heimasíðu.
- Skrá og birta á heimasíðu ábyrgðaraðila verkefna.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglar í skipulagi og störfum allra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Leitast er við að sérhver nemandi fái nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Verkefni/viðfangsefni og úrræði eru mjög fjölbreytt til að gera öllum nemendum kleift að bæta árangur sinn. Friðgarður er kennsluúrræði þar sem markmiðið er að nemendur öðlist þjálfun til að geta verið sem mest í vinnu með bekkjarfélögum. Þar starfa þroskaþjálfar og leiðbeinendur og nemendur koma þangað til lengri eða skemmri tíma.

Velferðarkennsla í Gerðaskóla snýst um að bjóða nemendum upp á rólegar kennslustundir sem miða að því að auka vitund þeirra og velferð. Kennslan byggir á núvitund, hugleiðslu, jóga og fleiri hagnýtum verkfærum úr jákvæðri sálfræði. Auk þess er námsver fyrir nemendur á unglíngastigi en sérstakur stuðningur við yngri nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins. Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár.

Verið er að byggja upp svokallaðan tæknigarð þar sem meiningin er að vera með alls kyns tæki, svo sem þrívíddarprentara auk vélmenna og Legó.

Námsvísar eru greinargóðir og birtir á heimasíðu. Þeir eru kynntir foreldrum á námskynningum í byrjun skólaárs. Í kennsluáætlunum kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.

2.2 Árangur náms

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluáðferðum. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar.


Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólustarf og bekkjaranda.

Í nýjustu könnun Skólapúlsins kemur fram að vellíðan nemenda Gerðaskóla er um og við meðaltal annarra nemenda í grunnskólum landsins sem nýta Skólapúlsinn. Flestir aðrir þættir eru einnig um og við meðaltal, þó er áhugi nemenda marktækt meiri á stærðfræði en í samanburðarskólum. Áhugi á náttúrufræði er hins vegar marktækt undir meðaltali. Í umbótaáætlun er sett fram stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda.

Samræmd könnunarpróf


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnarkvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Árangur í 4. bekk í stærðfræði hefur verið allmikið yfir meðaltali síðustu ár. Árangur í íslensku hefur verið um og yfir meðaltali frá árinu 2017 en er nú við meðaltal.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur í 7. bekk í stærðfræði hefur verið allnokkuð yfir meðaltali frá árinu 2017. Árangur nemenda í íslensku hefur verið um og yfir meðaltali síðustu ár en er nú undir meðaltali.




Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum hefur eflst frá 2017. Árangur í stærðfræði og ensku er nú undir meðaltali en íslenska við meðaltal.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Þegar árangri árganga er fylgt eftir sést að árangur milli prófa eykst hjá sumum árgöngum en dalar hjá öðrum.



Mynd 4. Árgangaþróun á samræmdum könnunarprófum.

Lesferill

Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraða og öryggi) nemenda. Myndir 5 og 6 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit). Þegar línuritið (mynd 6) er skoðað sést að í maí 2001 var einn árgangur yfir meðaltali, einn á meðaltali en aðrir árgangar skólans eru undir meðaltali.



Mynd 5. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.



Mynd 6. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

2.3 Gæði kennslu


Matsaðilar sátu í 28 kennslustundum á vettvangi hjá allflestum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Nánast allar kennslustundir voru metnar góðar eða frábærar.

Störf kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um kennsluhætti, kennarar sýna fagmennsku og góða bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Fjölbreyttir kennsluhættir innan fræðandi kennsluathafna sáust í vettvangsathugun.

Markmið kennslu og námsaðlögun er skráð í kennsluáætlunum en þær eru ekki birtar nemendum og foreldrum. Á vettvangi var nemendum almennt ekki gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda. Nemendur fást við krefjandi verkefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins og námsmat er fjölbreytt og tengist hæfniviðmiðum. Í kennsluáætlunum sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda.

Til að koma til móts við bráðgera nemendur á unglingsstigi gefst þeim kostur á að taka valáfanga í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Auk þess er í Bræðingi (sjá nánar um verkefnið í kafla 2.4) möguleikar fyrir nemendur til að fást við krefjandi verkefni miðað við hæfni og getu hvers og eins. Í yngri árgöngum er reynt að koma til móts við bráðgera nemendur en í rýnihópi kennara kom fram að þar væri tækifæri fyrir skólann að gera enn betur.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.



Mynd 7. Kennsluathafnir.


Á myndinni sést að fræðandi kennsluhættir voru í tæplega 80% kennslustunda sem matsaðilar sátu í og kennslustundir sem voru skipulagðar sem leiðbeinandi kennsluhættir voru í 7% tilvika. Blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennsluháttum voru í 14% kennslustunda.

2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga. Þeir nýta teymisvinnu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður en skólinn vinnur að innleiðingu teymiskennslu.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum. Þar ber hæst verkefni Bræðingur og Snillitímar. Í Bræðingi er unnið með samþættingu samfélagsgreina, náttúrugreina, íslensku, upplýsingatækni og list- og verkgreina. Nemendur á unglingsstigi eru 10 tíma á viku í Bræðingi sem skipt er upp í vinnulotur með mismunandi áherslum. Áhersla er á sjálfstæði í námi, góð vinnubrögð og skapandi skil. Snillitímar eru fyrir nemendur í 4.-6. bekk, fjórar kennslustundir á viku. Þar er lögð áhersla á kennslu nemenda út frá áhugasviðum þeirra. Nemendur gera rannsóknaráætlun um það verkefni sem þeir kjósa að vinna, setja fram rannsóknarspurningu og afla heimilda.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja.



Mynd 8. Námsathafnir.

Eins og sést er einstaklingsvinna í meiri hluta þeirra kennslustunda sem matsaðilar sátu í á vettvangi en skipulögð samvinna var í 7% kennslustunda. Því má ætla að umræður og skoðanaskipti séu ekki markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.

Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara og fer það að mestu leyti fram í gegnum Mentor og á samskiptadögum. Einnig eiga sér stað nemendasamtöl milli sérhvers nemenda og umsjónarkennara einu sinni á önn.

Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Í Gerðaskóla nýttu nemendur snjalltæki í tæplega 40% kennslustunda og kennarar í tæplega þriðjungu kennslustunda. Það er töluvert meira en kemur fram í meðaltali í mati Menntamálastofnunar í öðrum grunnskólum.

2.5 Námsvitund

Nemendur sýna almennt námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Þeir taka þátt í að setja sér markmið í námi þegar þeir undirbúa samskiptadag að hausti en í rýnihópi þeirra kom fram að þeim er ekki beinlínis kennt að setja sér námsmarkmið að staðaldri. Þó kom fram hjá eldri nemendum að námsráðgjafi aðstoðar þá við að setja námsmarkmið. Í námsvísunum skólans eru skráð markmið í öllum námsgreinum og viðmið um árangur. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir nýta sér ekki námsvísana til eflingar í námi eða til að sjá heildarmynd af því sem áætlað er að gera í náminu yfir skólaárið.

Nemendur eiga kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, það er vel sýnilegt á unglingastigi, meðal annars í Bræðingi. Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum, til dæmis í svo kölluðum Snillitímum.

Á vettvangi mátti sjá að nemendur taka þátt í að meta eigin framfarir.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Sjónarmiða nemenda er aflað á bekkjarfundum og með spurningum í Skólápúlsi. Eitt af verkefnum vetrar er að allir nemendur koma með umsjónarkennara sínum á fund á sal með stjórnendum þar sem þeir geta komið hugmyndum sínum á framfæri. Þá er einnig ráðgert að vera með skólaþing þar sem forsjáaraðilar, nemendur og starfsfólk koma saman til að ræða málefni skólans. Á fundum nemendaráðs

er rætt um félagsstarf og aðbúnað í skólanum og með tengslakönnun sem námsráðgjafi leggur fyrir er leitað sjónarmiða nemenda í 6.-10. bekk um líðan þeirra og félagslegar aðstæður. Námsráðgjafi fer síðan yfir tengslakannanir með umsjónarkennurum.

Á samskiptadegi undirbúa nemendur og leiða samtal sem þar fer fram milli þeirra, forsjáraðila og umsjónarkennara. Fulltrúar nemenda sitja í skólaráði og eru þar fullgildir þátttakendur en þeir fá ekki til þess sérstaka þjálfun innan skóla. Ákvarðanir skólaráðs eru birtar í fundargerð á heimasíðu en eru ekki kynntar að öðru leyti fyrir nemendum. Í nemendaráði sitja fulltrúar nemenda í 7.-10. bekk og þeir kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans. Í upphafi starfa er þeim sýnt myndband með hlutverki nemendaráðs.

Styrkleikar

- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og áætlunum um nám.
- Námsvísar eru greinargóðir og byggja á aðalnámskrá.
- Í kennsluáætlunum kemur fram hvernig námsaðlögun er háttáð.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólasterfinu.
- Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur sem þurfa sértæka aðstoð.
- Reglulega er fylgst með árangri hvers nemanda.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat.
- Nemendur í 4. og 7. bekk ná góðum árangri í samræmdum könnunarprófum í stærðfræði.
- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg á vettvangi.
- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.
- Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími vel nýttur.
- Kennarar vinna saman og nýta teymisvinnu og/eða teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur vinna saman að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum.
- Skólabragur er jákvæður og einkennist af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Kynna námsvísa betur fyrir nemendum og hvetja þá til að nýta sér þá.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Huga að því að bráðgerir nemendur á öllum stigum skólans fái námstækifæri við hæfi.
- Auka hlutfall leiðbeinandi kennslustunda.
- Nota umræður og skoðanaskipti markvisst sem hluta af námi og kennslu.
- Auka verkefni þar sem samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.
- Gera nemendum grein fyrir að þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd á námi sínu og námsumhverfi.
- Gera kennsluáætlanir sýnilegar fyrir nemendum og foreldrum þar sem meðal annars kemur fram námsaðlögun.
- Þjálfva nemendur til starfa í skólaráði og nemendaráði.



3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsgöðan þátt í skólastarfinu. Innra matið er markmiðsbundið og samofið skólastarfi. Í sjálfsmatsskýrslu liðins árs og í umbótaáætlun sem báðar eru á heimasíðu má sjá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Eins og fyrr segir er á áætlun þessa starfsárs að halda skólaping með foreldrum og nemendum svo og fundi allra bekkjardeilda með stjórnendum skólans.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega. Mat á kennslu og fagmennsku kennara var hafið fyrir Covid-faraldurinn og er á áætlun að taka það upp aftur á vorönn 2022.

Fyrir liggur fjögurra ára áætlun um innra mat og innramatsáætlun þessa árs er að finna í starfsáætlun skólans. Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu skólans, markmiðum og helstu viðfangsefnum og í umbótaáætlun eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Markmið stefnu skólans eru reglulega metin á starfsmannafundum.

3.2 Framkvæmd

Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir, bæði eigindlegar og megindelegar. Má þar nefna kannanir Skólalúpsins fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn, tengslakannanir í 6.-10. bekk, starfsþróunarsamtöl, skólaping og bekkjarfundir. Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans svo sem Lesferill eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta og skólalárunar á sama hátt og niðurstöður sem aflað er af aðilum innan skólans.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð aðstoðarskólastjóra en í innramatsteymi skólans sitja auk hans kennarar og aðrir starfsmenn. Teymið sér um skipulag og framkvæmd innra mats og leggur til gagnaöflunarleiðir er hæfa þörfum skólans.

3.3 Umbætur

Greinargerð sem lýsir framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur er öllum aðgengileg á heimasíðu skólans. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar á starfsmannafundum og fyrir skólaráði og á þeim fundum er rætt um umbætur. Kynning á niðurstöðum fer ekki fram formlega fyrir nemendur og forsjáraðila þegar þær liggja fyrir, en þær koma fram í sjálfsmatsskýrslu skólans að vori og eru birtar á heimasíðu. Í umbótaáætlun á heimasíðu skólans kemur fram að umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar og samræðna. Umbótaáætlunin er tímasett og þar koma fram umbótaþættir, markmið, leiðir að umbótum, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig aðgerðir eru metnar.

Í öllum rýnihópum gátu viðmælendur bent á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfi.
- Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Skólaping eru hluti af innra mati skólans.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnanda.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mat sitt.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans.
- Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og fjölbreyttum aðferðum.
- Umbótaáætlun byggir á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfs.
- Greinargerð um innra mat er til staðar þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Í umbótaáætlun skólans koma fram allir helstu þættir sem í henni eiga að vera.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að setja viðmið um árangur í innramatsáætlun ársins, þar sem við á.
- Skipa innramatsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa, þar með taldir forsjáraðilar og nemendur.
- Kynna niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum þegar þær liggja fyrir.

Þáttur 4 – Nám án aðgreiningar

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Fjórði þátturinn er val sveitarfélags og skóla og er ekki tekinn með í prófilmynd skólans.

4.1 Menning og viðhorf

Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningur og sátt um nám án aðgreiningar þar sem gildi lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda og virðingar eru ráðandi. Skólastjórnendur hafa forystu um að hugmyndafræði um nám án aðgreiningar komist til framkvæmda í skólanum.

Þó ekki hafi verið skráð sameiginleg sýn um nám án aðgreiningar ríkja jákvæð viðhorf til margbreytileikans. Áhersla er á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda og styrkleika hvers og eins, það kemur fram í starfsháttum og aðbúnaði í skólanum. Þetta kemur einnig fram í fjölbreyttum stuðningi innan bekkjarhópa og sérúrræðum svo sem Friðgarði, námsveri og velferðarkennslu sem fjallað var um í kafla 2.1 í námi og kennslu. Litið er á stuðning við nemendur sem hluta af og eðlilegan þátt í daglegu skólastarfi.

4.2 Námskrá og áætlanir

Heildaráætlun um skipulags sérstaks stuðning við nemendur nær til allra þátta skólastarfs. Unnið er eftir áætlun til að meta hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda náms- og/eða félagslega og hvernig bregðast eigi við ef stuðnings er þörf. Þetta er gert með þarfagreiningu að vori og þjónustuáætlun út frá því. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma námskrár bekkjarins. Þar koma fram áform um stuðning í samvinnu við sérfræðinga og foreldra sem fá námskrána í hendur til undirritunar. Nemendur eiga ekki almennt aðkomu að skipulagi námsins í einstaklingsnámskrá. Markmið einstaklingsnámskrár eru metin reglulega og námskráin endurskoðuð. Hvert kennarateymi ber ábyrgð á skipulagi náms allra nemenda í sínum námshópi.

4.3. Upplýsingamiðlun og samskipti

Skólinn nýtir þjónustu og ráðgjöf frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Samfella í námi er á milli skólastiga, þannig er unnið eftir skráðu skipulagi um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Viðeigandi gögn og upplýsingar fylgja nemendum frá grunn- til framhaldsskóla. Sérstakur stuðningur frá Gerðaskóla til Fjölbrautaskóla Suðurnesja fer meðal annars fram með heimsóknum í framhaldsskólann.

Á heimasíðu er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur en ekki sérstök móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir en fjallað er um að undirbúa þurfi móttöku þeirra sérstaklega. Starfsfólk býr yfir þekkingu og reynslu til að mæta náms- og félagslegum þörfum nemenda í fjölbreytilegum hópi þeirra.

Stjórnandi sérkennslu heldur reglulega fundi með þeim sem sinna stuðningi og sérkennslu. Stjórnendur tryggja að allt starfsfólk skólans fái mikilvægar upplýsingar sem skipta máli vegna velferðar nemenda í skólanum. Upplýsingar um skólann svo sem námskrá, skólareglur og félagsstarf eru veittar öllum aðilum skólasamfélagsins, óháð tungumáli. Á heimasíðu eru allar upplýsingar auk íslensku á ensku og pólsku. Skólinn nýtir túlkþjónustu vegna annarra tungumála ef þarf.

4.4. Starfshættir

Starfshættir taka mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar. Litið er á margbreytileika sem auðlegð og hann nýttur til hagsbóta fyrir nemendur. Unnið er markvisst að því að koma auga á og ryðja úr vegi hindrunum sem takmarka möguleika til náms, aukins þroska og virkrar þátttöku. Þetta er til dæmis gert með því að starfsfólk vinnur í teyrum og deilir með sér ábyrgð á námi og velferð nemendahópsins. Kennarar hafa aðgang að ólíkum matsgögnum til að greina stöðu og þarfir nemenda og margvíslegum björgum meðal annars ráðgjöf og stuðningi bæði innanhúss og frá Suðurnesjabæ.

Nemendur eru hvattir til árangurs í jákvæðu og sveigjanlegu námsumhverfi sem einkennist af öryggi, vellíðan og viðurkenningu.

Styrkleikar

- Stefna skólans endurspeglar sýn um nám án aðgreiningar.
- Sýnilegt er í skólanum að hann þjónar margbreytilegum hópi einstaklinga.
- Það er viðurkennt og virt að nemendur hafa ólík markmið.
- Í skólanum ríkir gagnkvæm virðing milli starfsfólks og nemenda.
- Litið er á stuðning við nemendur sem hluta af og eðlilegan þátt í skólastarfi.
- Unnið er eftir áætlun til að meta hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda námslega eða félagslega.
- Þjónustuáætlun er gerð þar sem sjá má hvernig brugðist er við ef stuðnings er þörf.
- Skipulag náms nemenda sem þurfa sérstakan stuðning er unnið í samvinnu umsjónarkennara og annara fagaðila innan og utan skóla.
- Til er skráð skipulag um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Stjórnendur tryggja að allt starfsfólk skólans fái mikilvægar upplýsingar sem skipta máli vegna velferðar nemenda.
- Upplýsingar um skólann eru veittar öllum aðilum skólasamfélagsins óháð tungumáli.
- Fagleg samvinna starfsfólks byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur.
- Starfsfólk leitast við að koma auga á og fjarlægja hindranir í námi nemenda og þátttöku í skólastarfi.
- Aðstaða inni sem og tækjabúnaður tekur mið af þörfum allra nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Móta sameiginlega sýn um nám án aðgreiningar með hagsmunaaðilum.
- Nemendur hafi aðkomu að gerð einstaklingsnámskráa og skipulagi náms síns, ef við á.
- Gera sérstaka móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sértækum stuðningi að halda.